



VIÐ ÞURFUM AÐ:

Hafa skýrari löggjöf um stafrænt ofbeldi og stafrænt kynferðisofbeldi. Það hjálpar lögreglu og löggjafavaldi til þess að takast á við þessi mál af meiri festu en nú er gert.

Breyta verklagsreglum og viðhorfum innan lögreglunnar og tryggja að þolendur stafræns ofbeldis séu teknir alvarlega og glæpinnir rannsakaðir.

Tryggja fjármögnun til að berjast gegn stafrænu ofbeldi, bæði hjá yfirvöldum og sjálfstæðum samtökum sem veita þolendum sálræna og lagalega aðstoð.

Fræða almenning, sérstaklega ungt fólk, um alvarleika stafræns ofbeldis og áhrif þess á þátttöku kvenna í hinum stafræna heimi.

Hvað er stafrænt ofbeldi?



Stafrænt ofbeldi hefur aukist á undanförunum árum með nýrri tækni og aukinni notkun á samfélagsmiðlum.

VISSIR ÞÚ AÐ:

95–96% ungs fólks (16–29 ára) á Íslandi, Danmörku og Noregi eru virk á samfélagsmiðlum

Ofbeldi og hótanir sem eiga sér stað á netinu aftrar fólki í að nota internetið. Stafrænt ofbeldi hefur einnig áhrif á það hvernig fólk hagar lífi sínu utan netsins – þolendur breyta stundum sínum daglegu venjum og draga sig í hlé í félagslegum samskiptum.

Bandarísk rannsókn sýnir að 27% fólks ritskoðar sig af ótta við stafrænt ofbeldi og áreiti, þar af 41% kvenna á aldrinum 15–29 ára.

Þolendur stafræns ofbeldis segja margir að þeir séu ekki teknir alvarlega af lögreglu eða yfirvöldum.

Stafrænt ofbeldi og áreiti er kynjað fyrirbæri þar sem kynjasmisrétti og karlremba – hatur gegn konum einungis vegna kyns þeirra – birtist bæði á netinu og utan netsins.

Stafrænt ofbeldi gegn konum og stúlkum er alþjóðlegt vandamál og hefur alvarlegar afleiðingar fyrir samfélög og hagkerfi um allan heim.

Kvenréttindafélag Íslands hefur unnið að því að auka þátttöku kvenna á öllum stigum íslensks samfélags frá stofnun þess árið 1907. Kvinderádet var stofnað í Danmörku árið 1899 og eru regnhlífarsamtök 44 félaga sem berjast fyrir réttindum kvenna og kynjajafnrétti. KUN – miðstöð kynjajafnréttis eru félagasamtök stofnuð 1991 sem vinna að kynjajafnrétti.

kvenrettindafelag.is
kvinderaad.dk
kun.no

„Online Violence Against Women in the Nordic Countries“
var styrkt af jafnréttissjóði Norrænu ráðherranefndarinnar.

Stafrænt ofbeldi

gegn konum á

Norðurlöndum



Stafrænt ofbeldi felur meðal annars í sér áreitni, fjárkúgun, hótanir, auðkennisþjófnað, dreifingu á persónulegum gögnum og dreifing á ljósmyndum og myndböndum án samþykkis sem á sér stað á netinu.

Kvenréttindafélag Íslands, Kvinde-rådet og KUN stóðu að rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við konur sem höfðu þolað stafrænt ofbeldi. Greint var frá reynslu þeirra af ofbeldinu og reynslu þeirra af því að leita réttlætis og verndar. Í rannsókninni var einnig rætt við lögreglu um verkferla þeirra til að takast á við stafrænt ofbeldi, sem og lögfræðinga sem hafa reynslu af því að vinna með þolendum stafræns ofbeldis.

Í skýrslunni „Online violence against women in the Nordic countries“ er greint frá niðurstöðum þessarar rannsóknar. Markmið skýrslunnar er að varpa ljósi á stafrænt ofbeldi gegn

konum og skapa þekkingu um stafrænt ofbeldi á Norðurlöndunum sem gagnast lögreglu og löggjafavaldinu.

REYNSLA POLENDNA

Rannsóknin leiddi í ljós ákveðna vantrú á réttarkerfinu í Danmörku, Íslandi og Noregi. Meirihluti kvenna sem höfðu upplifað ofbeldi á netinu – og haft var samband við – höfðu ekki leitað réttlætis. Þær töldu það ekki hafa neitt upp á sig að leita hjálpar eða kæra, og sögðu kerfið ekki virka.

Þátttakendur í öllum þremur löndum greindu frá líkamlegum einkennum eins og kviða, óútskýrðum sársauka, orkuleysi og ofþreytu.

Í sumum tilfellum hafði ofbeldi fjárhagslegar afleiðingar fyrir þolendur, hvort heldur sem beinan eða óbeinan. Óbeinn kostnaður fólst m.a. í því að þolendur hættu í starfi eða í námi, vegna sálfræðilegra vandamála. Beinn kostnaður fólst m.a. í lög-

fræðikostnaði, kostnað vegna sálfræðimeðferðar o.s.frv. Þátttakendur sem höfðu þolað stafrænt kynferðisofbeldi á netinu, þar sem myndum hafði verið deilt án samþykkist þeirra, upplifðu ótta við að myndirnar myndu birtast á netinu aftur og aftur.

Flestir þátttakendur upplifðu ekki að réttlæti væri náð í þeirra málum. Þeir upplifðu að lögreglan hefði ekki hlustað nægilega vel á þá og tekið mark á þeim, en einnig að lögreglan hafi stundum verið óviss um hvernig takast ætti á við þeirra mál.

REYNSLA LÖGREGLUNNAR

Lögreglan segir skort á aðgerðum í stafrænum ofbeldismálum útskýrast af forgangsroðun. Hryðjuverk og líkamlegt ofbeldi eru mál sem verði að forgangsraða ofar stafrænu ofbeldi.

Lögreglan lýsir þungum áhyggjum af aukningu á stafrænu ofbeldi sem og hlutgervingu kvenna og kynjamisrétti.

Í lögreglunni í Manglerud, Osló, eru lögreglufulltrúar sérstaklega þjálfaðir til þess að takast á við hatursglæpi og stafrænt ofbeldi. Þeir lögðu þunga áherslu á það að hlustað væri á þolendur og að mikilvægi þessara glæpa væri kynnt fyrir lögreglufulltrúum.

Þeir töldu einnig að það væri ekki eins erfitt að rannsaka og lögsækja þessi mál eins og af væri látið. Heldur væri það raunin að til þess að þessi mál fengju framgang þyrftu þau að keppa við „alvöru mál“ um mjög takmarkað fjármagn.